

Aðalfundur Festi hf.**6. mars 2024**

Miðvikudaginn 6. mars 2024 kl. 10:00 árdegis var haldinn aðalfundur Festi hf., kt. 540206-2010, að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Guðjón Reynisson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gerði Guðjón svo að tillögu sinni að Guðmundi Ingva Sigurðssyni, lögmanni, yrði falin fundarstjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Gerði hann að tillögu sinni að Sölva Davíðssyni, lögmanni, yrði falin fundarritun. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í fundarboði sem birt hafi verið í kauphallarkerfi þann 9. febrúar 2024. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans. Lýsti fundarstjóri því að enginn vafi væri því um lögmati fundarins.

Fundarstjóri upplýsti að hlutaskrá félagsins lægi fyrir fundinum og að samkvæmt henni væri mætt fyrir 69 hluthafa sem hefðu að baki sér 87,4% hlutafjár félagsins, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Guðjón Reynisson, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar um rekstur félagsins á liðnu ári.

Stjórnarformaður hóf mál sitt á að fara yfir að rekstur félagsins hefði gengið vel á árinu í erfiðu rekstrarumhverfi. Hafi áhrif hárra heimsmarkaðsverða á hrávörum gætt áfram með áhrif til lækkunar á framlegðarstig, sérstaklega í eldsneytishluta samstæðunnar. Jafnframt því hafi verðbólga og almennar launahækkanir haft mikil áhrif á rekstrarkostnað sem skilað hafi sér í hærra vöruverði til verslana. Innan samstæðunnar hafi verið unnið þétt með birgjum og samstarfsaðilum til að sporna við þeim áhrifum auk þess sem annarra leiða hafi verið leitað til hagræðingar. Af hálfu stjórnar og stjórnenda hafi mikil áhersla verið lögð á lækkun alls rekstrarkostnaðar sem skýrt hafi betri rekstrarniðurstöðu en áætlanir hafi gert ráð fyrir.

Stjórnarformaður lýsti því að árangur á árinu endurspegladi tryggð og ánægju með áherslur félagsins. Væri magnaukning í sölu og auknar þjónustutekjur þannig sterk vísbending um að landsmenn og í auknum mæli erlendir ferðamenn treystu á þjónustu og vel miðað framboð af nauðsynjavörum um land allt. Hafi vel verið hugsað um þá innviði og þeir styrktir enn frekar á liðnu ári.

Stjórnarformaður vék að því að öll félög innan samstæðunnar væru í milli sókn, hvert á sínum markaði. Var sérstök grein gerð fyrir helstu þáttum úr starfsemi rekstrarfélaga Festi hf., þ.e. N1 ehf., Krónunnar ehf. og Elko ehf. Jafnframt því var farið yfir að stoðfélög samstæðunnar, þ.e. Festi fasteignir ehf. og Bakkinn vöruhótel ehf., hefðu skerpt á sjálfstæði sínu á árinu. Í því samhengi var nefnt að framkvæmda- og öryggisdeild Festi hf. hafi verið færðar undir fasteignafélag samstæðunnar sem nú hefði fengið nýtt nafn, Yrkir eignir ehf. Yrði áhersla nú lögð á aukna upplýsingagjöf um fasteignarekstur samstæðunnar sem héldi utan um 93.000 fermetra af fasteignum ásamt því að annast framþróun lóða og uppbyggingu, viðhald og öryggismál. Þá væru vöruhús Bakkans áfram lykilstoð í rekstri rekstrarfélaganna.

Stjórnarformaður lýsti því næst að félög samstæðunnar væru meðvituð um áhrif starfseminnar á umhverfið, viðskiptavinum og starfsfólki. Væri það gert með því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eins og mögulegt væri, ná enn betur utan um óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni og draga

úr henni, kortleggja og bregðast við sjálfbærniáhættu sem og fræðslu til starfamanna. Jafnframt því væri það markmið félagsins að veita framúrskarandi þjónustu, bjóða upp á rétt vöruúrval á hagstæðu verði og setja viðskiptavininn í forgrunn, bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði. Þá væru öll félög innan samstæðunnar með þann metnað að vera eftirsóknarverðir vinnustaðir sem gætu laðað að og haldið í hæft og traust starfsfólk. Væri áhersla á að hlúa vel að menningu og mannuði innan samstæðunnar þar sem jafnrétti, fræðsla, lýðheilsa og öryggi væru höfð í forgrunni.

Stjórnarformaður fór yfir þau verðlaun og viðurkenningar sem fallið hafi í skaut samstæðunnar og stjórnenda á árinu. Gerði stjórnarformaður jafnframt grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafi á hópi lykilstjórnenda á árinu. Var því lýst að Ýmir Örn Finnbogason hafi tekið við sem framkvæmdastjóri N1 ehf. og Óðinn Árnason sem framkvæmdastjóri Yrkis eigna ehf. Þá hafi verið tilkynnt um ráðningu Evu Guðrúnar Torfadóttur sem framkvæmdastjóra Bakkans vöruhótel ehf. en hún kæmi til með að hefja störf í aprílmánuði 2024. Þá fór stjórnarformaður yfir skipan stjórnar og undirnefnda á starfsárinu.

Að endingu fór stjórnarformaður yfir að Festi hf. væri fjárhagslega sterkt félag, með sterka eiginfjárstöðu og væri í heild vel í stakk búið til að takast á við þau krefjandi verkefni sem væru framundan. Yrði áfram lögð áhersla á skilvirkni og hagræðingu í rekstri, aukið samstarf innan samstæðunnar til að lækka einingakostnað sem og á að vinna gegn hækkun vöruverðs. Lýsti stjórnarformaður því að stjórn væri stolt af þeim árangri sem náðst hefði í krefjandi rekstrarumhverfi sem þakka mætti fyrst og fremst starfsfólki samstæðunnar um land allt sem sýnt hefði einstakan metnað í störfum fyrir hönd félagsins og í þágu eigenda. Þakkaði stjórnarformaður einnig viðskiptavinum fyrir tryggð við félagið og samfylgdina á árinu 2023 sem og öðrum stjórnarmönnum, stjórnendum og starfsfólki öllu fyrir gott samstarf. Þá þakkaði stjórnarformaður hluthöfum fyrir traustið og stuðninginn.

Fundarstjóri þakkaði Guðjóni fyrir og lagði til að mælendaskrá yrði ekki opnuð fyrr en að loknum öðrum dagskrárlíð. Var ekki gerð athugasemd við það.

2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.

Fundarstjóri gaf Ástu S. Fjeldsted, forstjóra félagsins, orðið.

Forstjóri lýsti því í upphafi að ánægjulegt væri að gefa farið yfir árið og stöðu félagsins með hluthöfum félagsins. Ráðist hefði verið í töluverðar breytingar á árinu til að undirbúa farveginn fyrir vöxt komandi ára. Rakti forstjóri að félagið væri með mörg járn í eldinum sem hefðu það öll að markmiði að auka samkeppnisforskot félagsins og tekjur og efla arðsemisgrundvöll þess. Væri áfram þungi settur á hagræðingu og aukna hagkvæmni í rekstri en niðurstöður ársins gæfu skýrt til kynna að þar hefði félaginu tekist nokkuð vel að halda aftur af þeim kostnaði sem lagst hefði þungt á íslenskt atvinnulíf með hárri verðbólgu, vaxtastigi og launahækkunum. Þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi hafi félagið náð góðum árangri heilt yfir.

Forstjóri gerði grein fyrir að afkomuspá ársins hefði verið hækkuð tvisvar á árinu. Hafi EBITDA niðurstaða ársins numið 11.015 millj. kr. sem hafi verið umtalsvert betri en fyrsta afkomuspá ársins hafi gert ráð fyrir. Lýsti forstjóri því að aukin umsvif hjá öllum dótturfélögum Festi lægju til grundvallar betri afkomu en velta hafi aukist meira en áætlanir hafi gert ráð fyrir. Hafi magnaukning verið í sölu og heimsóknunum í verslanir á öllum sviðum starfseminnar. Þá hafi einnig náðst hagræðing á ýmsum sviðum. Væri félagið með sterka fjárhagsstöðu og vel í stakk búið að takast á við verkefni ársins 2024.

Forstjóri fór yfir rekstur samstæðunnar 2023. Fór forstjóri yfir að tekjur af vöru- og þjónustusölu hefðu aukist um 14,9 ma. kr. eða 12,2% á milli ára. Hafi framlegð af vörusölu numið um 30 ma. kr. og aukningin numið 13,6% á milli ára. Lýsti forstjóri því að áframhaldandi áhersla hefði verið lögð á framlegðarstig félagsins sem numið hafi 22,5% og hækkað um 0,3 ppt. milli ára. Lýsti forstjóri því einnig

að launa- og starfsmannakostnaður hafi numið 15.4 millj. kr. sem hafi verið 14,7% hækkun á milli ára. Hafi stöðugildi verið alls 1.352 og þeim fjölgað um 8,1% á milli ára. Þá hafi EBITDA hækkað um 9,9% á milli ára og hagnaður numið 3,4 ma. kr. eða 11,2% af framlegð af vörusölu en fjármagnskostnaður hafi hækkað um nær helming á milli ára. Þá hafi hagnaður á hlut numið 11,3 krónum og arðsemi eigin fjár verið 10%.

Forstjóri fór því næst yfir starfsþáttayfirlit samstæðunnar í lok árs 2023 sem og efnahagsreikning miðað við sama tímamark. Lýsti forstjóri því að efnahagur félagsins væri traustur en heildareignir í árslok hafi numið 96.032 millj. kr. Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir hafi hækkað um 1.132 millj. kr. og vörubirgðir um 471 millj. kr. vegna aukinna umsvifa á meðan viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur hafi lækkað um 16 millj. kr. Handbært fé hafi numið 3.362 millj. kr. í lok árs sem væri 1.250 millj. kr. hækkun frá áramótum. Gerði forstjóri grein fyrir því að eiginfjárhlutfall félagsins hafi verið 37,3% í lok árs. Þá gerði forstjóri grein fyrir kaupum félagsins á eigin hlutum á árinu, afborgunum af vaxtaberandi lánum og stöðu viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda. Lýsti forstjóri því að fjármagnsskipan samstæðunnar væri í takt við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.

Forstjóri gerði því næst grein fyrir sjóðstreymi samstæðunnar miðað við árslok 2023. Lýsti forstjóri því að handbært fé frá rekstri hafi numið 9.414 millj. kr. og hækkað um 4.806 millj. kr. milli ára. Fjárfestingar hafi numið 4.015 millj. kr á árinu sem hafi verið minnkun um 1.765 millj. kr. á milli ára.

Um stöðu og horfur fyrir árið 2024 vísaði forstjóri til þess að EBITDA spá félagsins fyrir árið næmi 11.200 – 11.600 millj. kr. og að CAPEX spá næmi 4.400 – 4.800 millj. kr. Um helstu forsendur og áhættu í því sambandi vísaði forstjóri til áhrifa stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild, stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara, hárrar verðbólgu, gengi íslensku krónunnar og óvissu um fjölda ferðamanna til Íslands. Vék forstjóri að því rekstur ársins 2023 hafi gengið vel í erfiðu rekstrarumhverfi. Framlegðarstig hafi farið hækkandi eftir því sem liðið hafi á árið en mikil áhersla hafi verið og yrði áfram lögð á framlegð, hagræðingu í rekstri og lækkun rekstrarkostnaðar.

Forstjóri vék því næst að fyrirhuguðum kaupum félagsins á Lyfju hf. Var rakið að enn væri beðið samþykkis Samkeppniseftirlitsins svo að samruninn gæti átt sér stað en málið væri nú í síðari hluta fasa II í rannsókn eftirlitsins. Væri málið enn í ferli og samkvæmt áætlun stjórnenda. Með kaupunum væri samstæðan að teygja sig inn á enn breiðara svið nauðsynjavara fyrir heimili landsins og væri horft til þess að nýta enn betur og á skilarvikari hátt það þetta net sem tilheyrði samstæðu Festi um land allt.

Forstjóri gerði því næst grein fyrir þeirri stefnumarkandi vinnu um framtíðareignarhald á innviðafélögunum Olíudreifingu ehf., EBK ehf. og EAK ehf. sem tilkynnt hafði verið um út á markað þann 1. desember 2023. Lýsti forstjóri því að um mikilvæg innviðafélög væri að ræða hvað varðaði birgðahald og dreifingu eldsneytis á Íslandi. Í verkefninu fælist meðal annars að kanna möguleika á breyttu eignarhaldi, eftir atvikum í samvinnu við aðra hluthafa EAK og EBK. Þá væri markmiðið að hámarka verðmæti hluthafa, einfalda eignarhaldið og um leið tryggja hagfellda framtíðarþróun innviða þeirra. Lytu næstu skref í ferlinu að því að ákveða hvort og þá að hvaða marki skyldi hefja undirbúning á sölumeðferð félaganna.

Forstjóri gerði grein fyrir að rammasamningur hefði verið gerður á milli N1 og Tesla um uppbyggingu hraðhleðslustöðva við þjónustustöðvar N1 víðs vegar um landið. Væri markmið N1 með samningsgerðinni að auka verulega þjónustu við notendur rafbíla og byggja upp víðfemt net hraðhleðslustöðva á næstu tveimur árum. Væri lykilskef í raunverulegum árangri í orkuskiptum að hraða uppbyggingu hraðhleðslunets um land allt. Væru áform um alls 19 hraðhleðslugarða sem hefði í för með sér að hraðhleðslustæðum við þjónustustöðvar N1 myndu fjölga um 150 á næstu tveimur árum.

Því næst fór forstjóri yfir að Yrkir eignir væri nýtt nafn á fasteignafélagi samstæðunnar. Hlutverk Yrkis væri einna helst í því að annast rekstur og umsýslu fasteigna sem tilheyrðu samstæðunni ásamt því að þróa bæði eignir og lóðir með það fyrir augum að auka verðmæti þeirra og arðsemi. Hafi bókfært virði fasteigna og lóða samstæðunnar numið um 33 ma. kr. í árslok 2023 og teldi fasteignasafnið alls um 93.000 fermetra. Undir Yrki heyrði einnig framkvæmda- og öryggisdeild samstæðunnar. Rakti forstjóri að með því að draga fram þessa lykilstoð gæfust tækifæri til að veita skýrari og betri upplýsingagjöf um eignasafnið til hluthafa og markaðarins. Væri breytingin hluti af þeirri vegferð að skerpa á sjálfstæði eininga innan samstæðunnar og veita skýra sýn á verðmæti þeirra og tækifæri til framtíðar.

Að endingu fór forstjóri yfir framtíðarsýn félagsins. Rakti forstjóri að stoðir samstæðunnar stæðu styrkum fótum þótt tækifæri lægju í enn frekari samlegð. Væri traust lykilorð í rekstri samstæðunnar. Væri félagið ábyrgt gagnvart eigendum, viðskiptavinum, starfsfólki og umhverfinu. Með því hugarfari og aðgerðum væri unnt að ná enn meiri slagkrafti og árangri til hagsbóta félaginu sjálfu, hluthöfum þess og starfsfólki.

Fundarstjóri þakkaði Ástu fyrir kynninguna og opnaði mælendaskrá um fyrstu tvo dagskrárliði fundarins. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.

Fundarstjóri bar ársreikning móðurfélagsins og samstæðureikning félagsins undir atkvæði fundarmanna og gerði grein fyrir að stjórn legði til að reikningarnir yrðu samþykktir eins og þeir lægju fyrir fundinum. Var árs- og samstæðureikningur félagsins samþykktur samhljóða.

4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2023.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að stjórn hefði lagt til að arður yrði greiddur út samkvæmt eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 6. mars 2024 að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 904.500.000 vegna rekstrarársins 2023 eða kr. 3,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verði greiddur til hluthafa þann 10. apríl 2024. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 5. mars 2024 og arðleysisdagur er því 6. mars 2024. Arðsréttindadagur er 7. mars 2024, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Festi hf. hjá Nasdaq CSD í lok dags 7. mars 2024.“

Mælendaskrá var opnuð. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillaga stjórnar um arðgreiðslu var samþykkt samhljóða.

5. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur

5a. Skýrsla tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gaf Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur, formanni tilnefningarnefndar, orðið til að kynna skýrslu tilnefningarnefndar sem birt var opinberlega þann 9. febrúar sl.

Sigrún gerði grein fyrir skipan nefndarinnar, starfi hennar á starfsárinu og fyrirliggjandi skýrslu til aðalfundar. Var farið yfir að nefndin væri ráðgefandi fyrir hluthafa í tillögugerð að stjórn. Bæri nefndinni að hafa hagsmuni allra hluthafa að leiðarljósi. Væri markmiðið að tryggja gagnsætt og faglegt ferli við tilnefningu stjórnarmanna og styðja við upplýsta ákvarðanatöku hluthafa við stjórnarkjör. Jafnframt því fór Sigrún yfir fundi sem nefndin hefði átt með hluthöfum í aðdraganda aðalfundar og við vinnslu skýrslu- og tillögugerðar fyrir fundinn. Hafi hluthafar lagt áherslu á að a.m.k. einn stjórnarmaður ætti beina og verulega hagsmuni af arðbærum rekstri félagsins. Þá gerði Sigrún grein

fyrir yfirferð nefndarinnar á starfsreglum hennar og tillögur að breytingum þeirra sem lægu fyrir fundinum auk greinargerðar.

Sigrún gerði grein fyrir að nefndin hefði skilgreint ákveðna hæfnispætti sem tilnefningarnefnd taldi mikilvæga fyrir stjórnarmenn í Festi. Væri um að ræða fjóra meginflokka sem nefndin hefði svo útfært með hliðsjón af nýjustu útgáfu stjórnarháttaleiðbeininga. Vísaði Sigrún til þess að matsramminn væri endurskoðaður árlega en vísaði að öðru leyti um það efni til skýrslu nefndarinnar.

Sigrún fór yfir að til nefndarinnar hefðu borist 10 framboð, átta frá körlum og tvö frá konum. Hafi það verið vonbrigði fyrir nefndina að fá ekki framboð frá fleiri konum. Rakti Sigrún það ferli sem tilnefningarnefnd hafði viðhaft vegna skýrslu- og tillögugerðar til aðalfundar. Þá lýsti Sigrún því að tilnefningarnefnd hefði fundað eða átt samtöl við hluthafa sem farið hafi með um 60% hlut í félaginu eftir að skýrslan var birt opinberlega þann 9. febrúar sl. Hafi þau samtöl lotið að fjölda tilnefninga og mati á orðsporsáhættu. Hafi nefndin farið yfirvegað yfir alla þætti varðandi mat á orðspori og orðsporsáhættu í vinnu sinni og hún gengið lengra í þeim efnum en almennt megi gera ráð fyrir.

Þakkaði Sigrún að lokum fundarmönnum, stjórn og starfsmönnum fyrir áheyrnina.

Fundarstjóri þakkaði Sigrúnu fyrir og opnaði fyrir mælendaskra undir dagskrárárliðnum. Var engin sem tók til máls.

5b. Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögum tilnefningarnefndar að breytingum á starfsreglum nefndarinnar.

- i. Tillaga að breytingu á 2. mgr. 1. gr. starfsreglna nefndarinnar og að hún verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Tilnefningarnefnd starfar í samræmi við samþykktir félagsins og starfsreglur þessar. Þá skal nefndin hafa hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja (hér eftir nefnt „leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“) sem í gildi eru á hverjum tíma.“

- ii. Tillaga að breytingu á 1. – 3. mgr. 2. gr. starfsreglna nefndarinnar sem verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Nefndarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið, sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í það minnsta einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Tryggt skal að í tilnefningarnefnd sitji nefndarmenn af báðum kynjum. Stjórnarmenn eru ekki kjörgengir til setu í tilnefningarnefnd.

Stjórn félagsins skal með aðalfundarboði leggja fram tillögu um staðfestingu á skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Hluthafar skulu jafnframt hafa tillögurétt að skipan nefndarmanna og skulu slíkar tillögur sendar skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Séu tilnefndir fleiri en þrír einstaklingar til setu í tilnefningarnefnd skal fara fram kosning á aðalfundi.

Í kjölfar aðalfundar skal nýkjörin tilnefningarnefnd sjálf skipta með sér verkum. Stjórn skal ákveða hvaða stjórnarmaður skuli vera tengiliður við tilnefningarnefnd til að tryggja nauðsynlegt upplýsingaflæði á milli þessara stjórnarsýslueininga félagsins.“

- iii. Tillaga að nýrri grein, 7. gr., verði bætt við starfsreglur nefndarinnar sem og ákvæði til bráðabirgða sem verði eftirleiðis svohljóðandi:

„ 7. Önnur ákvæði.

Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Ákvæði til bráðabirgða: Ákvæði 2. mgr. 2. gr. tekur gildi í tengslum við skipan tilnefningarnefndar á aðalfundi 2025. Þannig skal skipan nefndarinnar á aðalfundi 2024 vera í samræmi við áðurgildandi ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. fram að aðalfundi 2025.

Samþykkt á aðalfundi Festi hf. 6. mars 2024.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillagna tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar voru bornar í einu lagi undir atkvæði fundarmanna og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að framboðsfrestur til stjórnar hefði runnið út tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. kl. 10:00 sunnudaginn 25. febrúar 2024. Hafi framboð borist frá Guðjóni Auðunssyni, Guðjóni Reynissyni, Gylfa Ólafssyni, Hjörleifi Pálssyni, Margréti Guðmundsdóttur, Sigurlínu Ingvarsdóttur og Þórði Má Jóhannessyni. Gaf fundarstjóri frambjóðendum því næst færi á að ávarpa fundinn stuttlega.

Guðjón Auðunsson tók fyrstur til máls. Gerði hann grein fyrir fyrri störfum og hvatningu að baki framboðinu. Lýsti Guðjón því einnig að þeir aðilar sem skorað hafi á hann að gefa kost á sér til setu í stjórn Festi hf. hefðu leitað álits Samkeppnsieftirlitsins á því hvort hún væri samrýmanleg sátt þeirri sem félagið hefði gert við eftirlitið. Ekki hafi borist athugasemdir við það. Hefðu hluthafar nú valið. Tók Guðjón að endingu fram að hann myndi gera sitt allra besta í þágu félagsins næði hann kjöri.

Fundarstjóri þakkaði Guðjóni fyrir kynninguna.

Því næst tók til máls Gylfi Ólafsson. Gerði hann grein fyrir fyrri störfum, menntun og stjórnarsetu. Kvaðst Gylfi hafa átt góð samtöl við tilnefningarnefnd félagsins í því ferli sem áður hafði farið fram. Í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar í aðdraganda aðalfundar hafi hann ákveðið að gefa kost á sér enda hollt að hluthafar hefðu valkosti til að taka afstöðu til. Hefði hann mikinn áhuga á að taka þátt í að byggja og þróa félagið áfram til móts við breytta og nýja tíma.

Fundarstjóri þakkaði Gylfa fyrir kynninguna.

Því næst tók til máls Hjörleifur Pálsson. Gerði hann grein fyrir fyrri störfum, menntun og stjórnarsetu. Fór hann nánar yfir reynslu sína og þekkingu sem hann kvaðst bjóða fram. Lýsti Hjörleifur því að félagið væri á skemmtilegri vegferð en stóra verkefnið framundan lyti að því að endurskilgreina dótturfélagið N1 ehf. Hvatti hann hluthafa til að kjósa það sem þeir vildu kjósa enda yrði útkoman þá alltaf góð fyrir félagið.

Fundarstjóri þakkaði Hjörleifi fyrir kynninguna.

Því næst tók til máls Þórður Már Jóhannesson. Þórður Már vék í fyrstu að því að 10 ár væru síðan hópur einkafjárfesta hefði fjárfest í Festi hf. ásamt lífeyrissjóðum og fleiri fagaðilaum. Hafi vegferðin gengið vel og samstarf verið gott. Lýsti hann setu sinni í stjórn sameinaðs félags á árinu 2018 sem hafi komið til að beiðni LSR sem nú reyndi að koma í veg fyrir kosningu hans. Rakti Þórður Már því næst að hann hefði ásamt öðrum félögum og stjórnarfólki lagt mikla vinnu í uppbyggingu félagsins á liðnum árum sem hann bæri miklar taugar til. Fór hann jafnframt yfir það ferli tilnefningarnefndar sem hann hefði gengið í gegnum og veitt upplýsingar langt umfram það sem almennt þekktist. Hafi hann verið þakklátur fyrir það traust sem honum hefði verið sýnt af hálfu tilnefningarnefndar þótt óróa hafi fljótt farið að gæta þrátt fyrir áhersluatriði og önnur efnistöð, þar á meðal á grundvelli sjónarmiða stórra hluthafa, í skýrslu tilnefningarnefndar.

Þórður Már rakti því næst þá óánægju sem komið hafi fram á opinberum vettvangi um framboð hans til stjórnar af hálfu tveggja stórra lífeyrissjóða. Lýsti hann því að hann hefði óskað eftir fundi með fulltrúum þeirra hluthafa en ekki orðið ágengt. Glufa hefði myndast við setningu laga um kynjakvóta sem væri misfarið með á fundinum. Væru tvær hæfar konur sjálfkjörnar og þyrftu því aðeins 1 atkvæði hvor. Kæmu atkvæði stórra eigenda því til með að nýtast mjög í þeirri valdabaráttu sem væri uppi. Kvaðst Þórður Már aldrei hafa orðið vitni að öðrum eins vinnubrögðum og beinni íhlutun stofnanafjárfesta í aðdraganda stjórnarkjörs en því fylgdi mikil ábyrgð að fara með fé annarra og gera það vel.

Að endingu kvað Þórður Már það von sína að félaginu gengi vel í framtíðinni en að einkafjárfestar væru ekki vel séðir til að hafa áhrif eða innlegg við stjórnun félagsins. Hafi það aldrei verið ásetningur hans að valda óróa hjá félaginu, hvað þá að taka þátt í því að skapa félaginu líkleg vandræði. Eftir að framboðsfresti lauk hafi hann velt öllum þessum þáttum fyrir sér með sínu nánasta fólki og ákveðið að draga framboð sitt til stjórnar Festi hf. til baka.

Fundarstjóri þakkaði Þórði Má fyrir innleggið og óskaði fært til bókar að Þórður Már Jóhannesson hefði dregið framboð sitt til stjórnar til baka.

Því næst fór fundarstjóri yfir að í aðdraganda aðalfundar og innan lögmæltis frests hafi borist kröfur frá sjö hluthöfum sem samtals hafi farið með 11,09% hlutafjár í félaginu um að margfeldiskosningu yrði beitt við stjórnarkjörið. Væri það mat stjórnar að þær kröfur hefðu verið í lögmætu horfi og yrði því margfeldiskosningu beitt við stjórnarkjörið. Þá gerði fundarstjóri grein fyrir efni 2. mgr. 17. gr. samþykktu félagsins.

Gengið var því næst til skriflegrar atkvæðagreiðslu við stjórnarkjör.

Að talningu lokinni upplýsti fundarstjóri um niðurstöður stjórnarkjörs sem voru svohljóðandi:

	Atkvæði	% af heild
Guðjón Reynisson	449.686.379	34,2%
Hjörleifur Pálsson	396.421.390	30,1%
Guðjón Auðunsson	375.304.895	28,5%
Margrét Guðmundsdóttir	45.664.341	3,5%
Sigurlína Ingvarsdóttir	45.664.335	3,5%
<i>Ónýtt og ógild</i>	<i>3.870.010</i>	<i>0,3%</i>
Gylfi Ólafsson	4.020	0,0%
Samtals	1.316.615.370	100,0%

Lýsti fundarstjóri því þau Guðjón Reynisson, Guðjón Auðunsson, Hjörleif Pálsson, Margrét Guðmundsdóttir og Sigurlína Ingvarsdóttir rétt kjörin í stjórn Festi hf. til næsta aðalfundar. Óskaði fundarstjóri þeim til hamingju með kjörið.

7. Tillaga um staðfestingu á skipun tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að Ólafur Arinbjörn Sigurðsson og Sigrún Ragna Ólafsdóttir yrðu að nýju skipuð í tilnefningarnefnd félagsins. Gaf hann orðið laust um tillögu stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri upplýsti um að krafa hefði borist til stjórnar frá einum hluthafa um skriflega atkvæðagreiðslu um tillöguna sem yrði þá beitt við kosninguna. Gengið var því næst til skriflegrar atkvæðagreiðslu um tillögu stjórnar.

Að talningu lokinni upplýsti fundarstjóri um að 55,8% greiddra atkvæða hafi samþykkt tillöguna, 28,5% greiddra atkvæða hafi hafnað tillögunni og að 15,7% greiddra atkvæða hafi skilað auðu við atkvæðagreiðsluna. Skoðaðist tillagan því sem samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

8. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að Deloitte ehf. yrði endurskoðunarfirma félagsins og Þorsteinn Pétur Guðjónsson og Pétur Hansson endurskoðendur félagsins vegna rekstrarársins 2024.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar vegna komandi starfsárs:

i. Tillaga um þóknun stjórnarmanna.

- Stjórnarformaður fái kr. 860.000 á mánuði
- Varaformaður stjórnar fái kr. 640.000 á mánuði
- Aðrir stjórnarmenn fái kr. 430.000 á mánuði

ii. Tillaga um þóknun nefndarmanna í starfskjaranefnd.

- Formaður fái kr. 130.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 70.000 á mánuði

iii. Tillaga um þóknun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.

- Formaður fái kr. 210.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 105.000 á mánuði

iv. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

- Formaður fái kr. 170.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 130.000 á mánuði

v. Tillaga um þóknun fyrir setu í fjárfestingarráði.

- Formaður fái kr. 100.000 á mánuði
- Ráðsmaður fái kr. 70.000 á mánuði
- Þóknun greiðist ekki til starfsmanna Festi hf. eigi þeir setu í ráðinu.

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillögur stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

10. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar að uppfærðri starfskjarastefnu félagsins og undirliggjandi skjölum að baki tillögunni sem hafi verið aðgengileg hluthöfum frá boðun fundarins. Fór fundarstjóri yfir greinargerð stjórnar að baki tillögunni og gaf orðið að því búnu laust um tillögu stjórnar.

Tillaga stjórnar um að fyrirbyggjandi uppfærð starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt var borin umræðulaust undir atkvæði hluthafa. Var tillagan samþykkt samhljóða.

11. Kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn samstæðunnar lögð fram til samþykktar.

Fundarstjóri fór yfir að fyrir fundinum lægi kaupréttaráætlun sem tæki til starfsmanna Festi hf. og dótturfélaga. Jafnframt gerði fundarstjóri grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar til aðalfundar undir dagskrárliðnum:

„Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 6. mars 2024 að fyrirbyggjandi tillaga að kaupréttaráætlun fyrir alla starfsmenn í föstu starfi innan samstæðunnar verði samþykkt. Kaupréttaráætlunin byggir á 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn í föstu starfi innan samstæðu félagsins, þ.e. hjá Festi hf. og dótturfélögum.

Kaupréttaráætlunin nær til allra fastráðinna starfsmanna samstæðunnar. Stafsmenn sem ráðast til félagsins eða dótturfélaga eftir gerð kaupréttaráætlunar öðlast einnig kauprétt sem og starfsmenn félaga sem koma ný inn í samstæðu félagsins, á gildistíma hennar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að kaupréttarsamningar verði gerðir við þá starfsmenn sem það kjósa, sem heimilar þeim að kaupa hluti í félaginu fyrir allt að kr. 500.000 á hverju ári í þrjú ár frá veitingu kaupréttar, sbr. þó heimild til frestunar á nýtingu réttarins vegna fyrsta og annars kaupréttartímabils. Kaupréttur hvers kaupréttarhafa ávinnst í þremur áföngum á þremur árum frá gerð kaupréttarsamninga, sbr. nánar eftirfarandi:

a) Fyrsta tímabilið er frá dagsetningu kaupréttarsamnings þar til eitt ár er liðið þar frá.

b) Annað tímabilið er frá lokum fyrsta tímabils og þar til að eitt ár er liðið þar frá.

c) Þriðja tímabilið er frá lokum annars tímabils og þar til að eitt ár er liðið þar frá.

Áætlunin gerir ráð fyrir að starfsmenn skuli tilkynna um nýtingu kaupréttar hvers árs á tímabilinu sem afmarkast af 10 viðskiptadögum frá birtingu ársfjórðungsuppgjörs vegna þess ársfjórðungs sem lok hvers kaupréttartímabils á sér stað, ár hvert. Nýti starfsmaður kauprétt sinn skal hlutafé greitt með reiðufé. Starfsmenn verða að eiga keypta hluti í tvö ár hið skemmsta, vilji þeir nýta skattalegar ívilnanir sem í áætluninni felast. Kaupverð hluta skal ekki vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir gerð hvers kaupréttarsamnings, en endanlegt kaupverð hluta, reiknað út í samræmi við framangreint, skal tilgreint í hverjum kaupréttarsamningi.

Starfsmönnum er heimilt að fresta nýtingu á kauprétti, í heild eða hluta, á fyrsta og/eða öðru nýtingartímabili til næsta nýtingartímabils eða þess þriðja. Að loknu þriðja nýtingartímabili falla allir ónýttir kaupréttir niður.

Ávinnsla kaupréttanna er bundin því skilyrði að kaupréttarhafi starfi innan samstæðu félagsins, en áunninn kaupréttur fellur þó ekki niður ef kaupréttarhafa er sagt upp störfum án þess að uppsögnina megi rekja til vanefndar hans á ráðningarsamningi, eða öðrum starfsskyldum hans, starfslok ber að vegna aldurs, andláts eða vegna þess að kaupréttarhafi verður óvinnufær sökum heilsubrests. Kaupréttirnir eru ekki framseljanlegir og ekki verður heimilt að veðsetja þá.

Kaupréttaráætlun sem tillaga þessi tekur til verður borin undir ríkisskattstjóra til staðfestingar, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, áður en henni verður hrundið í framkvæmd.

Kaupréttaráætlunin, sem er hluti af tillögu þessari, liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á vefsíðu þess: <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2024>

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir forsendur fyrir útreikningi áætlaðrar gjaldfærslu vegna kaupréttaráætlunnar samkvæmt Black Scholes aðferðinni, sem væri að fjárhæð kr. 239.800.000.

Mælendaskrá var opnuð. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir atkvæði hluthafa og hún samþykkt samhljóða.

12. Kaupréttaráætlun fyrir lykilstjórnendur samstæðunnar lögð fram til samþykktar.

Fundarstjóri fór yfir að fyrir fundinum lægi kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn Festi hf. og dótturfélaga. Jafnframt gerði fundarstjóri grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar til aðalfundar undir dagskrárliðnum:

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 6. mars 2024 að fyrirbyggjandi tillaga að kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn samstæðunnar verði samþykkt.

Kaupréttaráætlunin heimilar stjórn félagsins, eftir tillögu starfskjaranefndar, að gera kaupréttarsamninga við forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn félagsins og annarra félaga innan samstæðunnar.

Heildarfjöldi hluta sem heimilt er að veita kauprétt að, á grundvelli kaupréttaráætlunar sem liggur fyrir fundinum, er 5.500.000. Samkvæmt kaupréttaráætluninni geta forstjóri og framkvæmdastjórnar félagsins að hámarki átt rétt á kaupréttum sem nema 6% af úthlutuðum hlutum en aðrir stjórnendur og lykilstarfsmenn að hámarki 2% af úthlutuðum hlutum á hverjum tíma. Veittir kaupréttir munu ávinnast á þremur árum en nýtingu kaupréttar verður dreift yfir eitt ár að ávinnslutímabili loknu.

Kaupverð hlutanna við nýtingu skal ekki vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir gerð hvers kaupréttarsamnings, auk 5,5% vaxta frá gerð kaupréttarsamnings og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil. Kaupréttir falla niður fyrr ef ráðningarsambandi kaupréttarhafa við félagið eða annað félag innan samstæðu þess (eftir því sem við á) er slitið fyrir ávinnslutíma, en félaginu er þó heimilt að veita undanþágur frá þeirri meginreglu.

Félaginu verður óheimilt að veita lán eða ábyrgðir af nokkru tagi í tengslum við kaupréttaráætlunina. Kaupréttir eru ekki framseljanlegir en komi til þess að breyting verði á yfirráðum í félaginu, sbr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur, ávinnast allir kaupréttir þegar í stað.

Kaupréttaráætlunin gerir enn fremur ráð fyrir að kaupréttarhöfum sé gert skylt að halda eftir ákveðnum fjölda hluta þar til ákveðnu margfeldi af grunnlaunum er náð, allt til starfsloka hjá félaginu.

Kaupréttaráætlunin, sem er hluti af tillögu þessari, liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á vefsíðu þess: <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2024>

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir forsendur fyrir útreikningi áætlaðrar gjaldfærslu vegna kaupréttaráætlunnar samkvæmt Black Scholes aðferðinni, sem væri að fjárhæð kr. 142.400.000.

Fundarstjóri upplýsti að Guðjón Reynisson, stjórnarformaður, hefði óskað eftir að ávarpa fundinn vegna tillögu stjórnar. Fór stjórnarformaður yfir að hann vildi fylgja tillögu stjórnar úr hlaði gagnvart hluthöfum. Fór stjórnarformaður yfir undirliggjandi markmið og tilgang með tillögu að kaupréttaráætlun fyrir lykilstarfsmenn félagsins og samanburð þess við önnur sambærileg kerfi skráðra félaga. Væri með tillögunni verið að horfa til langtímahagsmuna hluthafa, félagsins sjálfs og lykilstarfsmanna þess um leið og sjónarmið um hófsemi hefðu verið höfð að leiðarljósi í tillögugerð stjórnar.

Fundarstjóri þakkaði stjórnarformanni fyrir innleggið. Opnaði fundarstjóri því næst fyrir umræður um tillöguna en enginn kvaddi sér hljóðs. Upplýsti fundarstjóri því næst um að krafa hafi borist til stjórnar frá einum hluthafa um skriflega atkvæðagreiðslu um tillöguna sem yrði þá beitt við kosninguna. Gengið var því næst til kosninga um tillögu stjórnar.

Að talningu lokinni upplýsti fundarstjóri um að tillagan hefði verið samþykkt með 99,99% greiddra atkvæða.

13. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

- i. Tillaga um breytingu á 1. mgr. 12. gr. samþykpta félagsins.*

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu stjórnar að breytingu á 1. mgr. 12. gr. samþykktar félagsins. Gerir tillagan ráð fyrir að greinin verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, sem og ef endurskoðandi félagsins eða hluthafar sem ráða yfir 1/20 hlutafjár í félaginu krefjast þess skriflega. Skulu þeir þá jafnframt senda stjórninni greinargerð um það hvers vegna þeir krefjast fundarins, og tilkynnis stjórnin hluthöfum fundarefni með fundarboðinu.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillögunnar. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

ii. Tillaga um breytingu á 5. mgr. 5. gr. samþykktar félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu stjórnar að breytingu á 5. mgr. 5. gr. samþykktar félagsins. Gerir tillagan ráð fyrir að málsgreinin verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Hluthafafundur Festi hf., haldinn 23. ágúst 2023, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnverði allt að kr. 10.000.000. Heimild stjórnar skal aðeins nýtt til þess að efna skuldbindingar félagsins um greiðslu hluta kaupverðs samkvæmt samningi á milli Festi hf. og SID ehf., dags. 13. júlí 2023, um kaup Festi hf. á öllum hlutum í Lyfju hf. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykktar félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé og falla hluthafar því frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárukningunni í samræmi við ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu að gættum þeim takmörkunum sem leiða af kvöðum um sölubann samkvæmt kaupsamningnum. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimildin er veitt til 15. ágúst 2024. Stjórn félagsins skal vera heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillögunnar. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

iii. Tillaga að nýrri 6. mgr. 5. gr. samþykktar félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu stjórnar að nýrri 6. mgr. 5. gr. samþykktar félagsins. Gerir tillagan ráð fyrir að málsgreinin verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Aðalfundur Festi hf., haldinn 6. mars 2024, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnverði allt að kr. 10.000.000. Heimild stjórnar skal aðeins nýtt til þess að efna skuldbindingar félagsins skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn félagsins í samræmi við samþykktar kaupréttaráætlanir. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykktar félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé og falla hluthafar því frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárukningunni í samræmi við ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimildin er veitt til 30. júní 2028. Stjórn félagsins skal vera heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillögunnar. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

14. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar um kaup á eigin hlutum:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 6. mars 2024 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að

lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kaupskilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2025. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimild þessarar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða með auknum meirihluta svo sem áskilið er í lögum og samþykktum félagsins.

15. Tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé vegna eigin hluta og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár vegna eigin hluta og fyrirbyggjandi gögnum vegna hennar:

„Aðalfundur Festi hf., haldinn 6. mars 2024, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 304.500.000 að nafnverði í kr. 301.500.000 að nafnverði, einvörðungu til lækkunar eigin hluta á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með um kr. 3.000.000 að nafnverði. Lækkunin tekur einvörðungu til eigin hluta sem félagið hefur eignast með kaupum á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun sem var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 22. mars 2023 á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.“

Þá fór fundarstjóri yfir að ef tillagan yrði samþykkt yrði fjárhæð hlutafjár í samþykktum félagsins breytt til samræmis, þannig að 4. gr. í samþykktum félagsins myndi eftirleiðis orðast svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 301.500.000 – krónur þrjúhundruðogseinmilljónogfimmhundruðþúsund 00/100 – að nafnverði. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

16. Tillaga stjórnar um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri upplýsti að komið hafi fram tillaga um breytingu á fyrirbyggjandi tillögu fyrir fundinum þar sem tilgreindur utanaðkomandi nefndarmaður gæfi ekki kost á sér til setu í endurskoðunarnefnd félagsins. Lyti breytingartillagan að því að aðalfundur félagsins samþykkti að veita stjórn félagsins heimild til að tilnefna utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd félagsins í kjölfar aðalfundarins.

Óskaði fundarstjóri eftir upplýsingum um hvort athugasemdir væru gerðar af hálfu fundarmanna við hina breyttu tillögu og opnaði jafnframt fyrir mælendaskrá. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu hluthafa og kvaddi sér enginn hljóðs vegna hinnar breyttu tillögu.

Hin breytta tillaga var því umræðulaust borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

17. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri gerði grein fyrir að ekki hefðu borist önnur mál löglega upp borin undir þessum dagskrárlið, en gaf orðið laust, ef einhver fundarmanna vildi almennt ræða um málefni félagsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir dagskrárliðnum.

Fundarstjóri gerði tillögu um að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundi var slitið kl. 12.22.

Framangreint staðfestist hér með.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.,
fundarstjóri

Sölvi Davíðsson hrl.,
fundarritari